

Námsgrein: Upplýsingatækni, 8.-10. bekkur

Tímafjöldi á viku: 1 klukkustund.

Kennarar: Svala Hrund Stefánsdóttir, Þóra Katrín Þórsdóttir, Berglind Ólafsdóttir og Egill Páll

Kennsluaðferðir og skipulag:

Fjölbreyttum kennsluaðferðum er beitt, þ.e. gagnvirkri kennslu og beinni sýnikennslu. Nemendur fá þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og taka þátt í umræðum.

Áhersla er lögð á að auka hæfni nemenda í; upplýsingalæsi, fingrasetningu, uppsetningu á fjölbreyttum tegundum texta, að finna upplýsingar á vef, að vinna með fjölbreytt forrit í námi en einnig að nýta tækni til að efla orðaforða og lesskilning.

Grunnbættir menntunar

Grunnpáttur	Áherslupáttir grunnþátta menntunar. Áhersla er lögð á:
Læsi	að virkja læsi/upplýsingalæsi nemenda með aðstoð tækninnar. Einnig er áhersla á fjölbreyttar lestraraðferðir og að allur lestur er viðurkenndur.
Sjálfbærni	að kenna nemendum að nota viðeigandi hjálpargögn og forrit. Einnig að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og þjálfun í að leggja mat á áreiðanleika upplýsinga.
Heilbrigði og velferð	að byggja upp og auka sjálfstraust nemenda til í að koma fram og skila eigin verkum.
Lýðræði og mannréttindi	að vera með í ráðum þegar kemur að verkefnaskilum. Lögð er áhersla á að nemendur nýti styrkleika sína og þær leiðir sem henta hverju sinni.
Jafnrétti	að nemendur, út frá eigin forsendum, hafi jöfn tækifæri til náms og nálgunar viðfangsefna.
Sköpun	að hvetja nemendur til sköpunar í gegnum ritun, tjáningu og túlkun eigin verka og annarra.

Námsefni:

-Valin verkefni verkefni frá kennara unnin á Google Classroom.

Kennsla í upplýsingatækni í 8.-10. Bekk, Borgarhólsskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá á öðru og þriðja stigi. Við lok grunnskóla er gert ráð fyrir að nemendur hafi lokið 3. stigi í dönsku. Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist danskan í eftirfarandi þætti: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/ markmið
Vinnulag og vinnubrögð	Nemandi getur: - tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt. Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt. - Beitt réttri fingrasetningu. - Unnið á skapandi og gagnrýnninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	Nemandi getur: - Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang. - Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit. - Beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.
Tækni og búnaður	Nemandi getur:

	-Nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna. -Beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra. - Nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar.
Sköpun og miðlun	Nemandi getur: -nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.
Siðferði og öryggismál	Nemandi getur: -sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu, -nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð
Námsmat	-Símat. -Lesskilningverkefni. -Ýmis verkefni frá kennurum. -Virkni og þátttaka í tímum.